

1090. stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 4. apríl, kl. 17:30 í Kringlunni 7 á 2. hæð

Mætt voru: Stefán Einar Stefánsson, Eyrún Ingaóttir, Ásta Rut Jónasdóttir, Benóný Valur Jakobsson, Birgir Már Guðmundsson, Bjarni Þór Sigurðsson, Fríður Birna Stefánsdóttir, Hildur Mósesdóttir, Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, Jóhanna Sigurbjörg Rúnarsdóttir, Jón Magnússon, Kristjana Þ. Jónsdóttir, Óskar Kristjánsson, Helga Árnadóttir framkvæmdarstjóri.

Stefán Einar tilnefndi Jóhönnu S. Rúnarsdóttur sem fundarritara. Samþykkt.

Dagskrá:

1. Gullmerki VR

Stefán Einar fór yfir tillögu sína um að veita þremur einstaklingum í VR sem komnir eru á eftirlaun, Gullmerki VR á næsta aðalfundi þann 17. apríl 2013. Sagði hann frá bakgrunni þessara félagsmanna innan VR og hvernig þau hefðu komið að starfi félagsins. Þetta eru þau:

Stefanía Magnúsdóttir
Gunnar Helgi Guðmundsson
Ragnar Engilbertsson

Nokkrar umræður urðu um hefðir í kringum Gullmerki VR en Stefán kom inn á að engar verklagsreglur væri til um hverjir hljóti Gullmerkið en því fylgir frítt árgjald af félagsgjaldi VR. Hefðin hefur verið sú að Formaður hefur gert tillögu til stjórnar um heiðursfélaga en Stefán kom með ábendingu fyrir næstu stjórn um að hún ætti að huga að því setja sér verklagsreglur í kringum þessar heiðursveitingar. Tók stjórnin undir það.

Tillagan um ofangreinda heiðursfélaga var samþykkt.